

1. Umsóknir skal leggja inn rafrænt í gegnum Þjónustugátt Borgarbyggðar (aðgengileg af vef sveitarfélagsins). Umsóknaraðili skal vera eigandi eða hönnunarstjóri fyrir hönd eiganda.
Nánari leiðbeiningar um rafrænar umsóknir má finna á vef Borgarbyggðar og Þjónustugáttinni.
2. Fylgigögn með byggingarleyfisumsókn:
 - a. Aðaluppdrættir í stærðinni A2 eða A1 í tvíriti, áritaðir af hönnuði sem hefur starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun.
 - i. Á aðaluppdrætti skal vera byggingarlýsing í samræmi við grein 4.3.9 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
 - ii. Á aðaluppdráttum skulu koma fram ásýndir, grunnmynd eða grunnmyndir sé mannvirkni á fleiri en einni hæð ásamt sneiðingum. Þessir uppdrættir skulu að jafnaði vera í mælikvarða 1:100 eða 1:50.
 - iii. Afstöðumynd er að jafnaði í mælikvarða 1:500 eða 1:1000. Á afstöðumynd skal koma fram staðsetning mannvirkja á lóðinni og málsetning sem sýnir fjarlægð frá lóðamörkum. Einnig skulu koma fram útlínur á nærliggjandi lóðum, mannvirkjum og aðkomu. Gera skal grein fyrir bílastæðum og staðsetningu rotþróar þegar það á við.
 - b. Skráningartafla skal fylgja, bæði á teikningu og stöðluðu rafrænu formi (excel).
 - c. Þegar sótt er um byggingarleyfi vegna breytinga skal fylgja skráningartafla ef breyting felur í sér breytta stærð fasteignar eða breytt eignamörk.
3. Burðarvirkisuppdrættir: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal skila burðarþolsuppdráttum í tvíriti árituðum af hönnuði sem hefur starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun.
4. Byggingarstjóri: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal eigandi/hönnunarstjóri tilnefna byggingarstjóra á verkið í gegnum Þjónustugáttina. Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um mannvirki nr.160/2010. Byggingarstjóri fær rafræna tilkynningu og staðfestir sig á einfaldan hátt með rafrænum skilríkjum á Þjónustugáttinni (ekki þarf lengur að skila inn undirskrift á pappír). Byggingarstjóri þarf að skrá starfsábyrgðartryggingu sína í gáttinni áður en byggingarleyfi er gefið út.
5. Iðnmeistarar: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal skráður byggingarstjóri tilnefna iðnmeistara á verkið í gegnum Þjónustugáttina. Iðnmeistarar bera ábyrgð á einstökum verkþáttum, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um mannvirki nr.160/2010. Iðnmeistarar fá rafræna tilkynningu um að þeir hafi verið tilnefndir á verkið og staðfesta sig á einfaldan hátt með rafrænum skilríkjum á Þjónustugáttinni (ekki þarf lengur að skila inn undirskrift á pappír).
6. Byggingarleyfisgjöld: Áður en byggingarleyfi er gefið út skal greiða byggingaleyfisgjöld eða semja um greiðslu þeirra.
7. Lagnauppdrættir: Skila skal neysluvatns- og frárennislagnauppdráttum ásamt raflagnauppdráttum í tvíriti árituðum af hönnuðum sem hafa starfsleyfi og samþykkt gæðakerfi frá Mannvirkjastofnun áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst.
8. Ef byggingaráform eru ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag er umsókn lögð fyrir til umfjöllunar hjá Skipulags- og byggingarnefnd til afgreiðslu.

Afrit af öllum uppdráttum á PDF-formi skal senda inn í gegnum Þjónustugátt Borgarbyggðar (aðgengileg af www.borgarbyggd.is) eða í tölvupósti á netfangið bygg@borgarbyggd.is.